



## Forvarnaáætlun leikskóla Ísafjarðarbæjar

---

Forvarnir eru í eðli sínu víðtækar og ná til flestra þátta í daglegu lífi okkar. Forvarnir eiga að spanna allt lífsskeið fólks og hafa velferð og farsæld íbúanna að leiðarljósi. Jafnrétti og fordómaleysi þarf að einkenna forvarnir. Sýnt hefur verið fram á margvíslegan ávinning útivistar, íþróttar og tómskunda með tilliti til lýðheilsu. Tryggja þarf að allir geti notið þess að ástunda heilbriggt lífni án tillits til efnahags, fötlunar, aldurs eða kynferðis. Leggja þarf áherslu á fræðslu um vímuvarnir og að upplýsingar um úrræði séu aðgengilegar. Þjóða þarf foreldrum upp á fræðslu og stuðning þannig að þeir eflist í uppeldislutverkinu. Foreldrar eru og verða sterkustu fyrirmyndirnar. Þeir þurfa að setja börnum skýran ramma og fara eftir lögum og reglum. Þá þurfa foreldrar og allir þeir sem koma að uppeldi barna að vera í góðri samvinnu.

Fyrirmyndir finnast einnig í samfélaginu, utan heimilis. Samfélagið þarf að vera meðvitað um ábyrgð sína, að við gerum öll gagn í forvörnum. Þeir sem eldri eru þurfa að vera þeim yngri fyrirmyndir í einu og öllu og senda skýr skilaboð. Við berum öll ábyrgð.

Sett hafa verið fimm meginmarkmið forvarna í Ísafjarðarbæ sem endurskoðuð verða á tveggja ára fresti. Sveitarfélagið setur svo mælanleg starfsmarkmið fyrir hvert ár og verða þau endurskoðuð árlega. Þar mun koma fram hver ber ábyrgð og hvernig árangur skuli mældur. Í febrúar ár hvert skal félagsmálanefnd staðfesta starfsmarkmið komandi árs og fá niðurstöður mælinga fyrra árs um hvernig til tókst með starfsmarkmið þess.

Markmið:

- ✓ Tóbaks-, áfengis- og vímuefnalaus æska í Ísafjarðarbæ.
- ✓ Gott andlegt og líkamlegt heilsufar íbúa.
- ✓ Bæta sjálfsmynd
- ✓ Bæta heilsufar
- ✓ Stuðla að kynheilbrigði
- ✓ Fræðsla fyrir alla aldurshópa um forvarnir.
- ✓ Efla fræðslu um vímuvarnir
- ✓ Efla foreldrafræðslu
- ✓ Efla fræðslu til starfsmanna sem vinna með börnum og ungmennum
- ✓ Efla fræðslu um bættu líðan og aukið heilbrigði
- ✓ Efla fræðslu um umhverfismál
- ✓ Efla kynfræðslu
- ✓ Viðhalda fjölbreyttum tómskundaúrræðum fyrir íbúa sveitarfélagsins.
- ✓ Með áherslu á börn og ungmenni
- ✓ Auka samvinnu meðal íbúa og stofnana sveitarfélagsins.
- ✓ Kynna vel lög um útivistartíma